

Skaftárdalsskógar ehf.
Þorfinnur Snorrason
Selfossi 4
800 Selfoss

2003030083
8509; 9310

Reykjavík, 11. mars 2005

**Efni: Um 230 ha skógrækt á jörðunum Skaftárdal I, II og III í Skaftárhreppi.
Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis Skaftárdalsskóga ehf. dags. 24. mars 2003 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt um landtöku til skógræktar á jörðunum Skaftárdal I, II og III í Skaftárhreppi samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 1 d í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Skaftárhrepps, Fornleifaverndar ríkisins, Skógræktar ríkisins og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Skaftárhreppi með bréfi dags. 13. júní 2003, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 13. júní 2003 og 21. febrúar 2005, Skógrækt ríkisins með bréfi dags. 4. júní 2003 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 16. júní 2003. Frekari upplýsingar bárust frá Skaftárdalsskógum ehf. með bréfi dags. 8. apríl og 15. júlí 2003, 7. febrúar og tölvupósti dags. 7. mars 2005.

FRAMLÖGD GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Fyrirhuguð er skógrækt á um 230 ha lands innan 275 ha heildarsvæðis á jörðunum Skaftárdal I, II og III. Áætlunin nær til svæðis sem er næst bæjarhúsum upp að brekkubrúnum, inn undir Miðlandsá, að Skaftá í vestri og suður að Dalsárgljúfri en gljúfrið klýfur skógræktarsvæðið frá eldra skógræktarsvæði. Landið liggur 160-280 m yfir sjó. Markmiðið með skógræktinni í Skaftárdal er fjölnytjaskógrækt, fyrst og fremst timburskógrækt.

Jarðvinnsla og vegslóðar. Í framlögðum gögnum Skaftárdalsskóga ehf. kemur fram að áformað sé að undirbúa landið fyrir gróðursetningu með því að herfa og plægja það með dráttarvélum. Þar sem halli landsins sé mikill verði það "flekkt" með handverkfærum. Nánast allir þeir vegaslóðar sem þörf sé á fyrir skógræktina séu nú þegar fyrir hendi. Hluta þeirra, alls um 3290

m, þurfi að tæta og slétta þrátt fyrir að eingöngu sé gert ráð fyrir að slóðarnir verði færir dráttarvélum og jeppum. Ráðgert sé að slétta þurfi um 1350 m með jarðýtu. Grasfræi verði sáð í flesta slóðana, vatnsþröskuldum verði komið fyrir á þeim og þannig gengið frá slóðunum að ekki renni úr þeim. Fjölförnustu safnslóðar verði malarbornir.

Tegundir trjáa og áburðargjöf. Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að trjátegundir hafi verið valdar með hliðsjón af gæðum landsins. Stefnt sé að því að nota lerki auk þess sem gert sé ráð fyrir að nota mikið af sitkagreni og ösp. Þar sem svæði liggi lágt verði blandað saman barr- og lauftrjám, einkum ösp og greni. Í efstu svæðin verði plantað skjólskógi, aðallega birki. Á melása vestur af bæjarhúsunum verði plantað blöndu af furu og lerki. Gert sé ráð fyrir að tegundum verði blandað í flesta reiti. Fram kemur að ráðgert sé að bera á allar plöntur við gróðursetningu og einu sinni til tvisvar eftir það. Gert sé ráð fyrir að nota um 50 kg/ha í hvert sinn og að 2 ár líði milli áburðargjafa. Ekki sé talið að áburðargjöf hafi í för með sér mengun.

Landnotkun og úrtök. Í framlögðum gögnum Skaftárdalsskóga ehf. kemur fram að landið teljist fremur rýrt eftir sauðfjárbeit en innan um séu nokkrir frjósamir kaflar. Hefðbundin búskapur hafi verið aflagður í Skaftárdal en fáein hross séu þar á beit auk þess sem túnin séu nýtt. Viðbúið sé að gróður taki miklum breytingum vegna beitarfriðunar. Jörðin sé talin allvel fallin til skógræktar með tilliti til veðurfars. Fram kemur að þar sem ekki verður plantað trjám séu svokölluð úrtakasvæði. Þar megi nefna tún sem verði nýtt áfram, beitiland fyrir hross og gil. Jafnframt hafi verið afmörkuð 8 verndarsvæði vegna útsýnis eða menningarmínja.

Áhrif á fornleifar. Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að engar friðlýstar fornleifar séu innan skógræktarsvæðisins. Í kjölfar fornleifaskráningar Fornleifastofnunar Íslands hafi reitakort verið endurbætt vegna þriggja tófta sem fundust við skráninguna. Endurbætur reitakortsins feli í sér að tóftirnar lendi á úrtakasvæði.

Sjónræn áhrif. Í framlögðum gögnum kemur fram að umhverfi Skaftárdals muni taka miklum breytingum vegna skógræktarinnar. En þar sem landið liggi í hvilft og sé skermað af hæðum og fjöllum til flestra átta þá muni sjónræn áhrif ekki ná langt frá skógræktarsvæðinu.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki verði séð að skógræktaráætlun fyrir Skaftárdal stangist á við Aðalskipulag Skaftárhrepps 2002-2014 hvorki vegna landnotkunar, friðlýstra fornminja né hverfisverndar.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Skaftárhrepps, Fornleifaverndar ríkisins, Skógræktar ríkisins og Umhverfisstofnunar kemur fram að ekki sé talið líklegt að framkvæmdin muni valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á fornleifar. Í frekari umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að fyrirliggjandi séu fullnægjandi upplýsingar um fornleifar á fyrirhuguðu skógræktarsvæði á jörðunum Skaftárdal I, II og III. Stofnunin telji jafnframt að fullt tillit hafi verið tekið til fornleifa við skipulagningu skógræktarsvæðisins.

Áhrif á landslag og sjónræn áhrif. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að skógræktaráætlunin gefi ekki tilefni til að ætla að skógrækt á svæðinu geti ekki fallið vel að landslagi, sbr. 36. gr. laga um náttúruvernd, sé þess gætt að láta útplöntun fylgja línunum í landi, ekki sé plantað í beinar raðir og ekki sé plantað alveg niður að Skaftá nema að um sé að ræða birki. Skógræktin muni ekki hafa áhrif á útsýni annarra þar sem engin önnur byggð sé á svæðinu.

Tegundaval. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að í samtali við landeigendur hafi komið í ljós að hugur þeirra standi fyrst og fremst til landbótaskógræktar og notkun birkis í því sambandi. Ekki komi fram í tilkynningu hvert sé aðalmarkmið skógræktarinnar og mjög virðist halla á notkun birkis miðað við aðrar tegundir eins og skógræktaráætlunin sé sett fram. Umhverfisstofnun mæli með því að sem mest birki sé notað á svæðinu enda virðist það vera í samræmi við vilja landeiganda.

Fram kemur í umsögn Umhverfisstofnunar að við skoðun á skógræktaráætluninni komi í ljós að í fjölda skógræktarreita eigi að sá lúpínu og séu sumir þeirra nálægt ám eða lækjum. Vitað sé að lúpína dreifist m.a. með vatni og því megi gera ráð fyrir að plantan muni dreifast niður eftir lækjarfarvegum og niður með Skaftá. Lúpínu megi flokka sem ágenga plöntutegund og ekki sé alls staðar litið á hana sem aufúsugest m.a. vegna áhrifa á útbreiðslu annarra plöntutegunda. Mjög kostnaðarsamt og nánast ógerlegt geti reynst að fjarlægja hana ef þess sé óskað af einhverjum ástæðum. Með því að sá lúpínu á jörðinni Skaftárdal sem liggja ofarlega í landi sé að öllu líkindum verið að stuðla að dreifingu plöntunnar á mun stærra svæði en áætlunin taki til. Ekki liggja fyrir neinar samþykktir annarra landeigenda eða umráðamanna lands sem liggja neðar en Skaftárdalur um að þeir geri ekki athugasemdir við að plantan dreifist hugsanlega inn á þeirra land. Umhverfisstofnun vari því við og leggist gegn notkun á lúpínu þar sem hætta sé á að plantan dreifist langt út fyrir það svæði sem notkun hennar sé fyrirhuguð á.

Í svörum Skaftárdalsskóga ehf. kemur fram að það að hugur landeigenda stefni fyrst og fremst í landbótaskógrækt og þá með birki sem aðaltrjategund sé oftúlkað af hálfu Umhverfisstofnar, enda komi fram í skógræktaráætlun Skaftárdals að 108 þúsund birkiplöntur séu ætlaðar í skógrækt á jörðinni af 564 þúsund trjáplöntum alls. Tekið er undir með Umhverfisstofnun um að ekki sé rétt að nota lúpínu á þessu svæði.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða skógrækt á um 230 ha lands á jörðunum Skaftárdal I, II og III. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 1 d í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að umhverfisáhrif fyrirhugaðrar skógræktar jörðunum Skaftárdal I, II og III, sem áður voru nýttar sem tún og beitiland, muni einkum verða á landslag. Ljóst sé að ásýnd svæðisins muni breytast þegar skógurinn vex upp og samhliða verði einnig breytingar á lífríki svæðisins. Skipulagsstofnunin tekur undir umsögn Umhverfisstofnunar um að þess verði gætt að láta gróðursetningu fylgja línunum í landi, ekki verði plantað í beinar raðir og alveg niður að Skaftá nema að um sé að ræða birki. Skipulagsstofnun telur að slík tilhögun framkvæmda verði til þess

fallin að heildarsvipmót landslagsins haldist og að skógurinn falli að landslagi. Í framlögðum gögnum Skaftárdalsskóga ehf. kemur fram að þau svæði sem minjar séu skráðar á séu undanþegin fyrirhugaðri skógrækt og séu minjar því ekki í bráðri hættu vegna hennar. Skipulagsstofnun tekur undir umsögn Fornleifaverndar ríkisins um að tillit hafi verið tekið til fornleifa við skipulagningu skógræktarsvæðisins. Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð framkvæmd muni ekki hafa veruleg áhrif á menningarminjar og landslag. Skipulagsstofnun tekur undir ábendingar Umhverfisstofnunar og svör framkvæmdaraðila um að ekki sé ráðlegt að nota lúpínu á svæðinu.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Skaftárdalsskóga ehf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Skaftárdalsskóga ehf. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð skógrækt á um 230 ha svæði á jörðunum Skaftárdal I, II og III í Skaftárhreppi sé ekki líkleg til að hafa að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Skaftárhrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Í Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002-2014 er landbúnaðarsvæði að jafnaði allt land undir 200 m hæðarlínu, en ofan 200 m.y.s. eru að jafnaði óbyggð svæði. Samkvæmt aðalskipulaginu eru nýjar búgreinar eins og skógrækt taldar til landbúnaðar. Skipulagsstofnun telur að þrátt fyrir að fyrirhugað skógræktarsvæði fari í allt að 280 m y.s. geti það samrýmst stefnu aðalskipulagsins.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 15. apríl 2005.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Sigurður Ásbjörnsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Skaftárhreppur, Fornleifavernd ríkisins, Skógrækt ríkisins og Umhverfisstofnun.